

Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. um eignarétt og afnotarétt fasteigna, nr. 19 6. apríl 1966.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Björgu Thorarensen og Dís Sigurgeirsdóttur frá dómsmálaráðuneyti.

Umsagnir um málið bárust frá Mannréttindasamtökum innflytjenda, laganefnd Lögmannafélags Íslands, Toshiaki Toma, presti innflytjenda, fjölmenningsarráði, Rótum og Verslunarráði Íslands.

Í frumvarpinu er lögð til sú breyting að fallið verði frá áskilnaði 1. tölul. 1. mgr. 1. gr. laganna um að útlendingur þurfi að hafa átt lögheimili hér á landi í fimm ár til að geta eignast fasteign. Dómsmálaráðherra, sem hefur heimild til að veita undanþágu frá þessu skilyrði skv. 2. mgr. 1. gr., hefur aldrei hafnað undanþágu frá þessu skilyrði á undanförunum áratugum en fjölmargar beiðnir um slíkt berast á ári hverju. Er tilgangur frumvarpsins að bæta réttarstöðu þeirra útlendinga sem eiga lögheimili hér á landi og vilja fjárfesta í fasteign.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt óbreytt**.

Alþingi, 23. nóv. 2001.

Þorgerður K. Gunnarsdóttir,
form., frsm.

Jónína Bjartmarz.

Ásta Möller.

Kjartan Ólafsson.

Guðjón A. Kristjánsson.

Katrín Fjeldsted.

Guðrún Ögmundsdóttir.

Lúðvík Bergvinsson,
með fyrirvara.